

**Framkvæmdasýsla ríkisins**

09 901

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Framkvæmdasýsla ríkisins**  
**kt. 510391-2259**  
**Borgartúni 26, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Framkvæmdasýsla ríkisins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin er leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.396,8 milljónir og afkoma kr. 57,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 84,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 2.046,5 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Framkvæmdasýslu ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Óskar Józefsson  
forstöðumaður

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Seld þjónusta .....	2	1.391.610.367	743.182.847
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	5.204.956	140.441.753
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.396.815.323</b>	<b>883.624.600</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	1.060.519.241	745.527.099
Annar rekstrarkostnaður .....	5	271.940.849	166.652.758
Afskriftir .....		6.877.879	5.228.346
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.339.337.969</b>	<b>917.408.203</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>57.477.354</b>	<b>(33.783.603)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		451.303	8.163
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	6	(758.047)	(44.019)
		(306.744)	(35.856)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>57.170.610</b>	<b>(33.819.459)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		29.475.263	19.119.422
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>29.475.263</u>	<u>19.119.422</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	8	300.473.248	36.528.478
Tengdir aðilar .....	9	1.119.293.078	718.907.350
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		93.155.881	29.322.624
Handbært fé .....		504.148.453	4.830.583.082
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>2.017.070.660</u>	<u>5.615.341.534</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>2.046.545.923</u></u>	<u><u>5.634.460.956</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		84.492.186	27.321.576
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>84.492.186</u>	<u>27.321.576</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	1.112.545.318	4.933.047.126
Viðskiptaskuldir .....	11	754.543.930	577.294.203
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	94.964.489	96.798.051
<b>Skuldir samtals</b>		<u>1.962.053.737</u>	<u>5.607.139.380</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>2.046.545.923</u></u>	<u><u>5.634.460.956</u></u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		57.170.610	(33.819.459)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....		6.877.879	5.228.346
		<u>64.048.489</u>	<u>(28.591.113)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(327.778.027)	(7.927.041)
Tengdir aðilar .....		(4.238.121.256)	2.761.375.095
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		175.416.165	181.067.791
		<u>(4.390.483.118)</u>	<u>2.934.515.845</u>
		<u>(4.326.434.629)</u>	<u>2.905.924.732</u>
		<b>Handbært fé frá rekstri</b>	
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(17.233.720)	(378.919)
		<u>(17.233.720)</u>	<u>(378.919)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		17.233.720	378.919
		<u>17.233.720</u>	<u>378.919</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(4.326.434.629)	2.905.924.732
		<u>4.830.583.082</u>	<u>1.924.658.350</u>
		<b>Handbært fé í árslok</b>	
		<u>504.148.453</u>	<u>4.830.583.082</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

## Skýringar

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	28.537.567	743.182.847
Ýmsar þjónustutekjur .....	1.362.270.400	0
Veitinga- og gistiþjónusta .....	802.400	0
	<b>1.391.610.367</b>	<b>743.182.847</b>
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Kostnaðarhlutdeild .....	5.204.956	140.441.753
	<b>5.204.956</b>	<b>140.441.753</b>
<b>4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	855.757.812	592.320.034
Orlof, breyting .....	(454.990)	13.314.742
Launatengd gjöld .....	194.877.225	132.558.897
Starfsmannakostnaður .....	10.339.194	7.333.426
	<b>1.060.519.241</b>	<b>745.527.099</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	65,0	38,3
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.166.016	2.007.474
Ýmis tæki og áhöld .....	3.566.320	1.688.308
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	1.331.507	1.350
Orkugjafar .....	299.395	217.181
Matvæli .....	8.289.499	2.810.652
Almennar rekstrarvörur .....	2.319.310	568.345
Vörukaup, almenn	16.972.047	7.293.310
Fundir, námskeið, risna .....	6.766.791	7.067.239
Ferðir, uppihald .....	12.735.903	4.089.720
Akstur .....	9.186.096	7.671.906
Sérfræðiþjónusta .....	106.103.897	84.075.138
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	270.355	202.688
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	8.570.490	2.799.269
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.589.418	552.054
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	146.222.950	106.458.014
Afnotagjöld .....	56.677.935	29.044.026
Leigugjöld .....	33.243.038	14.888.898
Notkun véla og flutningatækja .....	422.029	34.580
Verkkaup .....	6.008.765	2.133.759
Kostnaðarhlutdeild .....	12.039.667	6.948.560
Tryggingar, lögboðnar .....	17.640	0
Tilfærslur .....	0	20.000
Tapaðar kröfur .....	336.778	(168.389)
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	108.745.852	52.901.434
Annar rekstrarkostnaður samtals	<b>271.940.849</b>	<b>166.652.758</b>

## Skýringar

	2022	2021	
<b>6 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap</b>			
Dráttarvextir .....	511.008	13.790	
Gengistap, verðbreytingar .....	247.039	30.229	
	<u>758.047</u>	<u>44.019</u>	
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>	
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður .....	29.475.263	19.119.422	
	<u>29.475.263</u>	<u>19.119.422</u>	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:			
	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Aðrar eignir</b>	<b>Samtals</b>
Staða 01.01.2022 .....	46.399.844	85.905	46.485.749
Viðbætur á árinu .....	17.233.720	0	17.233.720
	<u>63.633.564</u>	<u>85.905</u>	<u>63.719.469</u>
Afskriftir 01.01.2022 .....	27.280.422	85.905	27.366.327
Afskrift ársins .....	6.877.879	0	6.877.879
	<u>34.158.301</u>	<u>85.905</u>	<u>34.244.206</u>
Staða 31.12.2022 .....	<u>29.475.263</u>	<u>0</u>	<u>29.475.263</u>
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>	
<b>8 Viðskiptakröfur</b>			
Viðskiptakröfur .....	300.473.248	36.528.478	
	<u>300.473.248</u>	<u>36.528.478</u>	
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum .....	292.786.826	26.524.931	
Viðskiptakröfur í erlendri mynt .....	7.686.422	10.003.547	
	<u>300.473.248</u>	<u>36.528.478</u>	
<b>9 Tengdir aðilar</b>			
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.			
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>			
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	1.126.293.078	725.907.350	
- Niðurfærsla vegna tapáhættu .....	(7.000.000)	(7.000.000)	
	<u>1.119.293.078</u>	<u>718.907.350</u>	
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>			
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	937.664.480	2.608.373.176	
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	174.880.838	2.324.673.950	
	<u>1.112.545.318</u>	<u>4.933.047.126</u>	

## Skýringar

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	27.321.576	61.141.035
Afkoma ársins .....	57.170.610	(33.819.459)
Jöfnuður 31.12. ....	84.492.186	27.321.576

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
<b>11 Viðskiptaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir .....	754.543.930	577.294.203
	754.543.930	577.294.203
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum .....	754.543.930	574.439.488
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt .....	0	2.854.715
	754.543.930	577.294.203

### 12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	94.964.489	95.419.479
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	0	1.378.572
	94.964.489	96.798.051

### 13 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa, ótímabundna þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 39,0 milljónum, vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 10,7 milljónum, vegna þjónustusamninga kr. 51,0 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.